

Sjöundi ársfundur Nýheima þekkingarseturs (NP) haldinn í Nýheimum miðvikudaginn 13. maí 2020 kl. 17:00.

Hugrún Harpa Reynisdóttir var fundarstjóri og Kristín Hermannsdóttir fundarritari. Hugrún Harpa setti fundinn, bauð fundargesti velkomna og fór yfir dagskrá fundar.

Málefni fundarins:

I. Skýrsla Stjórnar

Hugrún Harpa forstöðumaður NP fór með formála forstöðumanns og fór yfir starfið hjá setrinu og Vilhjálmur Magnússon formaður stjórnar fór yfir skýrslu stjórnar. Fram kemur í skýrslunni og formálanum að störf seturins eru fjölbreytt en að nokkru leyti dulin fyrir almenningi. Er vilji til að efla setrið enn frekar, bæði innvið og útvið. Nýjasta dæmi um eflingu setursins er þátttaka þess í nýstofnuðum samtökum þekkingarsetra og verður fundur þeirra haldinn á Höfn í haust.

II. Ársreikningur 2019

Eyrún Helga Ævarsdóttir gjaldkeri stjórnar fór yfir ársreikning og gerði grein fyrir helstu liðum hans. Afkoma af rekstri var jákvæð um 9,5 millj. kr. samvæmt rekstrarreikningi og nam eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í árslok tæpar 19,5 millj. kr. og bókfært eigið fé í árslok 17.8 millj. kr. Ársreikningur var samþykktur og undirritaður af stjórn.

III. Skipun í embætti stjórnar

Á ársfundi 2019 var skipað í embætti til tveggja ára og því þarf næst að skipa stjórn vorið 2021. Er stjórn skipuð svona:

Formaður: Vilhjálmur Magnússon

Varaformaður: Steinunn Hödd Harðardóttir

Gjaldkeri: Eyrún Helga Ævarsdóttir

Ritari: Kristín Hermannsdóttir

IV. Önnur mál

Engin önnur mál.

Eftir fundinn voru haldin tvö erindi á vegum Nýheima:

- Dr. Anna Guðrún Edvardsdóttir kynnti niðurstöður rannsóknarinnar *Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðapróun*.
- Karl Friðriksson hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands flutti erindið *Framtíðir – Hlutverk sviðsmyndagreininga í byggðapróun*.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið klukkan 18:45

Hugrún Harpa Reynisdóttir

Kristín Hermannsdóttir

Vilhjálmur Magnússon